

# Stöðuskýrsla fráveitumála komin út

Stöðuskýrsla um fráveitumál fyrir árið 2020 er komin út. Skýrslan byggir á gögnum frá heilbrigðiseftirlitum um allt land og eru frá þeim þéttbýlum sem losa meira en 2.000 pe. sem eru 28 talsins.

## Stöðuskýrsla fráveitumála 2020

Breytingar í átt að því að sveitarfélög uppfylli kröfur um hreinsun skólps eru afar hægar. Staðan hefur lítið breyst síðan árið 2014 nema að hreinsistöð hefur tekið til starfa á Akureyri.

Þó eru blikur á lofti um úrbætur eftir að ríkið samþykkti styrkveitingu til sveitarfélaga vegna fráveitufamkvæmda. Þá er gert ráð fyrir að styrkur geti numið allt að 20% af heildarkostnaði.

Auk þess verður unnið að því í tengslum við vatnaáætlun að sveitarfélög vinni að úrbótum á hreinsun fráveituvatns og uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gefur út stöðuskýrslu um fráveitumál á Íslandi á tveggja ára fresti.

*Breytingar í átt að því að sveitarfélögum takist að uppfylla kröfur um hreinsun skólps eru afar hægar.*